

LÖG

um breyting á lögum nr. 37 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmeats sjávarafla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. mgr. 13. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Úrskurðir kveðnir upp á grundvelli laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, með áorðnum breytingum, skulu vera aðfararhæfir skv. 3. mgr. 10. gr. laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. apríl 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.